

BÆJANÖFN O.FL.

Árið 2001 tók örnefnanefnd - samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum - við tilkynningum um eftirgreind nöfn nýbýla og sendi nöfnin hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum til þinglýsingar:

Brúarás. Úr landi Hallgilsstaða í Þórshafnarhreppi.
Höfðatún. Úr landi Vatnsenda í Villingaholtshreppi.
Ljarkot. Úr landi Hróðnýjarstaða í Dalabyggð.
Lækjarfell. Úr landi Ystafells III í Ljósavatnshreppi.
Sakka II. Úr landi Ölduhryggjar í Svarfaðardal.
Sandfell. Úr landi Sandfellshaga II í Öxarfirði.
Skálabrekka II. Úr landi Skálabrekku í Þingvallahreppi.
Skógarsel. Úr landi Auðsstaða í Borgarfjarðarsveit.
Skógarsel. Úr landi Holtssels í Eyjafjarðarsveit.
Sólbrekka. Í Reykholtshverfi í Biskupstungum.
Stekkjarihóll. Úr landi Heysholts í Holta- og Landsveit.
Strandarbakki. Úr landi Strandar í Vestur-Landeyjahreppi.
Tangi. Úr landi Vatnsenda í Villingaholtshreppi.
Vindás. Úr landi Litla-Saurbæjar í Ölfusi.
Þórufell. Úr landi Syðri-Brúar í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Árið 2001 fjallaði örnefnanefnd enn fremur um og féllst á beiðnir um eftirgreindar breytingar á nöfnum býla og sendi hin nýju nöfn hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum, samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum:

Dalbær. Sameinuð jörð Haugs og Dalbæjar í Gaulverjabæjarhreppi.
Ytra-Lón. Sameinuð jörð Efra-Lóns og Ytra-Lóns í Þórshafnarhreppi.

Örnefnanefnd, 31. desember 2001.

Ari Páll Kristinsson.